

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 185/2015

2017/EES/3/11

frá 10. júlí 2015

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/547 frá 1. apríl 2015 um öryggiskröfur, sem uppfylla á með Evrópustöðlum, um eldstæði án loftrásar sem brenna alkóhóli samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB um öryggi vöru <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 3s (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/121/ESB) í XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„3t. **32015 D 0547**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/547 frá 1. apríl 2015 um öryggiskröfur, sem uppfylla á með Evrópustöðlum, um eldstæði án loftrásar sem brenna alkóhóli samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB um öryggi vöru (Stjtið. ESB L 90, 2.4.2015, bls. 14).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2015/547, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júlí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júlí 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Atle Leikvoll*

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 90, 2.4.2015, bls. 14.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.